LANDSLIÐSHÓPUR ÍSS

Handbók

Velkomin/nn í hópinn!!!

Þú hefur með árangri þínum, unnið þér inn að vera fulltrúi Íslands. Þetta er heiður sem ekki margir öðlast en með framlagi þínu, stuðningi þinna nánustu og félags þíns hefur þú komist á þennan stað. Hjartanlega til hamingju!

Þegar þú ert virk/ur í landsliði og ert fulltrúi Íslands og íslenska skautasambandsins felur það í sér að þú leggir sérstaka áherslu á að koma vel og íþróttamannslega fram. Góður liðsandi er grunnur að góðu gengi landsliðsins og mikilvægt að allir; iðkendur og þjálfarar/liðstjórar hafi það að sameiginlegu markmiði.

Til þess að starfa markvisst að því að ná árangri þurfa allir að vita til hvers er ætlast af þeim. Með góðum samskiptum, þar sem væntingar eru settar fram með góðum fyrirvara, getum við saman byggt upp vel heppnaða liðsheild. Þú sem einstaklingur skalt ávalt koma fram með tilliti til stöðu þinnar í landsliðinu, félags þíns, ÍSS og liðsfélaga þinna.

Vinna við landsliðið endurspeglast af gagnsæi, skýrum markmiðum og framtíðarsýn. Það gerum við með góðum samskiptum milli forsvarsmanna landsliðs, iðkenda og þjálfara. Allir þátttakendur eiga að hafa hagsmuni iðkandans að leiðarljósi.

Starf forsvarsmanna landsliðs (stjórn ÍSS, afreksnefnd og starfsfólk ÍSS) er fyrst og fremst að vinna með framtíðarsýn að þátttöku þinni. ÍSS hefur unnið yfirgripsmikla skipulagsvinnu umhverfis afreksstarfið og tekið á sig fjárhagslega ábyrgð til að þú, sem iðkandi hafir sem mesta möguleika á að ná markmiðum þínum sem og markmiðum ÍSS á alþjóðagrundvelli.

Þegar þú hefur komist í landslið undirritar þú samning við ÍSS til staðfestingar að þú þekkir og skiljir til hvers ætlast er af þér og þú vitir hvaða reglur, þ.m.t. siðareglur gilda. Fylgdu öllum reglum í hvívetna.

Til hamingju með að vera komin í landsliðshóp Íslands! Nú hefst vegferðin að framtíðar markmiðum þínum.

Þú ert fyrirmynd og fulltrúi Skautasambands Íslands

Sem meðlimur landsliðsins er ætlast til þess að þú sért góður fulltrúi fyrir íslenska skautasamfélagið bæði innan íþróttarinnar sem og utan. Það felur m.a. í sér að þú farir eftir siða- og hegðunarreglum okkar.

En hlutverk fyrirmyndar er svo miklu stærra. Það er líka að vera meðvitaður um að taka réttar ákvarðanir í ólíkum og krefjandi aðstæðum og framkvæma eftir því, jafnvel þótt það geti verið erfitt.

Sem landsliðsmaður ertu mikil fyrirmynd annarra skautara. Þess vegna er það mikilvægt að þú takir þátt í þeim viðburðum sem ætlast er til og fylgir reglum viðmiða þar um.

Að vera landsliðsmaður, landsliðsþjálfari eða starfsmaður á panel á alþjóðlegum grundvelli felur að auki í sér að þú þarft að vera viljugur til þess að deila þekkingu þinni og sýna hæversku í samskiptum. Aðrir líta upp til þín og það getur gefið þér byr undir báða vængi en þú þarft að vera meðvitaður um hvernig þú vinnur úr þeirri athygli og það er undir þér komið að slíkt haldi áfram að vera jákvæð upplifun fyrir alla hlutaðeigandi.

Að vera meðlimur í landsliði felur í sér ýmsar skyldur m.a.:

- Fylgja og hlýða ISU code of ethics og siðareglum ÍSS.
- Taka þátt í viðburðum landsliðsins nema gildar ástæður komi til.
- Tryggja að þú neytir ekki lyfja eða annars sem inniheldur efni á bannlista. Það er mikilvægt að hafa í huga að jafnvel ólyfseðilsskyld lyf geta verið á bannlista sem og að fæðubótarefni geta innihaldið efni á bannlista. Upplýsingar um antidoping er að finna á heimasíðu WADA, ISU og ÍSÍ.
- Stuðla að samvinnu og vera virkur þátttakandi í að ná eigin og sameiginlegum markmiðum.
- Vera jákvæður og stuðla að skemmtilegum og örvandi félagsskap.
- Taka meðvitaða ábyrgð, sýna virðingu, hæversku, drengskap og fylgja settum reglum.
- Fylgja leiðbeiningum allra; þjálfara, ÍSS og fagfólks, umhverfis þig. Allir vinna að því sama; að skapa eins gott umhverfi og mögulegt er fyrir þig og aðra landsliðsmeðlimi að dafna í.
- Sýna íþróttamannslega hegðun gagnvart iðkendum, þjálfurum, liðsstjórum og öðru fólki umhverfis þig.
- Taka þátt í myndatökum og öðrum viðburðum sem ÍSS fer fram á að þú takir þátt í.
- Vera virkur í samfélagsmiðlastarfi ÍSS við fjölmiðla og styrktaraðila.
- Að ÍSS getur notað myndir, myndbönd og nafn þitt í fréttamiðlum og á internetinu

Reglur ÍSS gilda allan sólarhringinn á meðan á landsliðsverkefni stendur. Í augum umheimsins ertu samt alltaf landsliðsmaður. Það felur í sér að þú þarft að vera mjög meðvitaður um þá fyrirmynd sem þú ert óháð samhenginu sem þú ert í. Neysla áfengis í afreksverkefnum er almennt bönnuð. Í undantekningartilfellum, eins og lokahófi móta, er hófleg neysla áfengis með máltíð liðin, og þá eingöngu fyrir iðkendur eldri en 20 ára. Aðrir einstaklingar landsliðs en iðkendur eiga að huga vel að því að þeir eru fulltrúar íslenska skautasamfélagsins og í verkefnum ÍSS að stilla áfengisnotkun í hóf.

Þeir sem brjóta gegn fyrirmyndarhlutverki sínu og reglum landsliðsins eiga í hættu að vera útilokaðir frá frekari landsliðsþátttöku.

Samvinna

Sem landsliðsmanni er ætlast til að að þú sért opinn og móttækilegur fyrir þeirri viðleitni sem gerð er til þróunar þinnar sem afreksmanns. Þá er mikilvægt að vinna með því fagfólki sem ÍSS kemur með í landsliðsstarfið. Samvinnan getur verið til að mynda með sérfræðingum sem koma í æfingabúðir eða önnur verkefni sem á einhvern hátt er ætlað að auka gæði landsliðsstarfsins. Þú þarft einnig að hafa skilning á starfi Afreksnefndar ÍSS og að forgangsröðun innan og á milli landsliðsmanna er byggð á mati nefndarinnar fyrir hvert verkefni fyrir sig. Sýna skal traust til Afreksnefndar ÍSS og virða þær ákvarðanir sem þar eru teknar. Berðu virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra og forðastu neikvæð og/eða niðrandi ummæli sem beinist gegn kyni, kynþætti, kynhneigð, holdafari, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, eða öðrum þáttum í fari eða útliti annarra. Forðastu einnig neikvætt tal um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn ÍSS á vettvangi móta eða í öðrum verkefnum.

Styrkir

ÍSS styrkir ferðir á mót og í verkefni á sínum vegum skv. reglugerð um afrekssjóð eða í sérstökum reglum um einstök verkefni.

Landsliðsfatnaður og styrktaraðilar ÍSS

Til að vera auðþekkjanlegur og sýna að þú ert stoltur fulltrúi ÍSS skaltu í landsliðsverkefnum svo sem æfingum, viðtölum og myndatökum eða öðrum atburðum nota landsliðsfatnað ÍSS. Þetta á við um ferðir til og frá keppni með landsliði, á mótsstað, við æfingar og í Kiss & Cry. Mikilvægt er að styrktaraðilar ÍSS séu sýnilegir þegar þú ert í mynd t.d. í sjónvarpi og skaltu klæðast landsliðspeysu um leið og þú sest niður í Kiss&Cry eða í viðtölum. Á þessum stöðum mátt þú ekki auglýsa aðra styrktaraðila en styrktaraðila ÍSS eins og t.d. þá sem þú hugsanlega hefur aflað þér persónulega eða félaginu þínu.

Landsliðsfatnaðinn má eingöngu nota ef þú ert meðlimur landsliðsins og í verkefnum á vegum ÍSS. Fatnaðinn má t.d. ekki nota við daglegar æfingar heima fyrir eða á mótum þar sem þú keppir fyrir félagið þitt.

Í þeim tilfellum þar sem koma skal formlega fram s.s. á hátíðarkvöldverði skal ekki nota æfingaföt heldur gildir snyrtilegur og fínni klæðnaður.

Fyrir þann sem er valinn að vera fulltrúi Íslands á Ólympíuleikum, Ólympíuleikum Ungmenna og/eða Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar eða öðrum viðburðum undir yfirumsjón ÍSÍ gilda sérstakar reglur.

Persónulegir styrktaraðilar

ÍSS er hlynnt persónulegum styrktaraðilum landsliðsmanna en þó ekki í landsliðs- eða ÍSS verkefnum. Hugsaðu vandlega um vörumerki félags þíns, þitt eigið og Skautasambandsins þegar þú velur með hverjum þú ætlar að starfa.

ÍSS stendur fyrir heilbrigt líferni, drengskap, gleði og skemmtilegu þjálfunar- og keppnisumhverfi og verða styrktaraðilarnir að virða siðareglur okkar. ÍSS mælir ekki með að þú gerist talsmaður fæðubótarefna eða orkudrykkja þar sem samvinna með þess konar varningi er eitthvað sem við viljum ekki leggja okkar nafn við.

Ef þú ert með eigin styrktaraðila óskum við eftir að þú hafir samband við ÍSS til að athuga með hugsanlega hagsmunaárekstra og að styrktaraðilar séu upplýstir um gildi og siðareglur þær sem ÍSS starfar eftir.

Lyfjamál/Antidoping

Grunnur og gildi íþrótta er keppni á jafningjagrundvelli. Lyfjamisnotkun er ekki liðin innan ÍSS og íslenska skautasamfélagsins.

Sem iðkandi, þjálfari og liðsstjóri skaltu fylgja lyfjareglum WADA, ÍSÍ og ÍSS. Sem liður í þessu skulu þeir iðkendur, þjálfarar og liðsstjórar sem valdir eru til þátttöku fyrir hönd Íslands fara í gegnum námskeiðið Pure as ice um lyfjanotkun árlega. Námskeiðið má finna á heimasíðu ISU www.isu.org. Taka skal námskeiðið fyrir hvert keppnistímabil og áður en farið er í æfingabúðir ÍSS.

Sem iðkandi ertu ábyrgur fyrir því að upplýsa þig reglulega um hvaða efni eru á lyfjalista og að athuga að þurfir þú að taka lyf að læknir þinn viti af því að þú ert afreksíþróttamaður. Í einhverjum tilfellum þarf að sækja um undanþágu vegna lyfjanotkunar eða Therapeutic use exemption, TUE. Þú berð ábyrgð á að sækja um og hafa í gildi slíka undanþágu. Upplýstu einnig þjálfara um lyfjanotkun.

Þú berð sjálfur ábyrgð á að ganga úr skugga um að efni sem þú tekur innihaldi ekki ólögleg efni jafnvel þótt það standi ekki á umbúðunum. Landsliðsfólk ætti því ekki neyta fæðubótarefna þar sem innihaldslýsingum getur verið ábótavant eða þær beinlínis rangar. Orkudrykkir geta einnig verið varasamir. Skautarar geta lent í því að vera kallaðir í ótilkynnt lyfjapróf innanlands sem og utan.

Í keppnisferðum er mikilvægt að bóka ekki flug heim fyrr en keppni er lokið í þínum keppnisflokki. Lyfjapróf eru tekin strax eftir að keppni lýkur og lendir þú í úrtaki verður þú að vera til taks. Viðurlög eru ströng og óvægin og berð þú ábyrgð á að sjá til þess að þú hafi nægan tíma til að uppfylla kröfur um þátttöku í lyfjaprófi sé eftir því leitað.





Líkamleg og andleg heilsa

Ef þú meiðist eða finnur til er mikilvægt að þú axlir ábyrgð og leitir eftir aðstoð. Þú getur leitað til fagteymis ÍSS um hvert er best að snúa sér eða fengið ráð.

Andleg heilsa skiptir miklu máli í velferð skautarans og er jafnvel mikilvægari en líkamleg heilsa. Skautarar er hvattir til að nýta sér úrræði þau er ÍSS hefur og leita til fagteymis ÍSS eftir aðstoð.

Öryggi landsliðs ÍSS er afar mikilvægt. Hvers kyns ofbeldi er ekki liðið innan ÍSS. Við treystum því að hver sá sem verður fyrir eða verður vitni að ofbeldi í verkefnum á vegum ÍSS tilkynni slíkt til Samskiptaráðgjafa á www.samskiptaradgjafi.is.

Fjölmiðlar og samfélagsmiðlar

Stór hluti ímyndar íslenska skautasamfélagsins skapast í gegnum fjölmiðla (bæði hefðbundna og samfélagsmiðla). Hér ert þú sem landsliðsmaður mikilvægur hlekkur í vinnunni að auglýsa íþróttina okkar, upplýsa um skautaíþróttina og styðja við vörumerkið #skatingiceland.

ÍSS sér um markaðssetningu landsliðsins og upplýsingar varðandi landsliðið. Forsvarsmenn ÍSS svara spurningum um starfsemi landsliðsins og spurningum um skautaíþróttir og ÍSS. Í keppnisferðum hefur liðsstjóri milligöngu um viðtöl við fjölmiðla og skulu slíkar beiðnir fara í gegnum hann. Utan keppnisferða skaltu láta vita ef þú veitir viðtöl eða fjölmiðlar hafa samband við þig á annan hátt svo ÍSS geti haldið til haga þeim umfjöllunum sem íþróttin fær í fjölmiðlum. Það er mikilvægur þáttur í að kynna íþróttina og starfsemi ÍSS og er stór liður í öflun styrkja og stuðnings fyrir landsliðsstarfið eða þig persónulega.

Sem landsliðsmaður muntu koma til með að taka þátt í að auka sýnileika íþróttarinnar í fjölmiðlum og ná þannig til nýrra markhópa. Því er ætlast til að þú sem landsliðsmaður sért aðgengilegur fyrir fjölmiðla og takir þátt í þeim viðtölum sem ÍSS útvegar þér.

- Mundu að vera í landsliðsfatnaði og hylja ekki merki styrktaraðila í myndatökum eða sjónvarpsviðtölum vegna verkefna landsliðs.

- Ef blaðamaður hefur samband við þig mundu þá að þú getur alltaf beðið um að fá að hringja til baka svo að þú getir fengið nokkra stund til undirbúnings um það sem þú ætlar að segja. Þér ber heldur engin skylda að svara öllum spurningum ef þú ekki vilt eða getur ekki svarað þeim. Sýndu hæversku og kurteisi í viðtölum.

- Hafðu í huga að þegar þú sem landsliðsmaður talar við fjölmiðla ertu fulltrúi Íslands, ÍSS og alls landsliðsins frekar en þú sem einstaklingur. Þú þarft einnig að hafa í huga hvernig skoðanir og yfirlýsingar geta haft áhrif á bæði þig og aðra í liðinu í undirbúningi og keppni.

Þú getur alltaf fengið ráð og stuðning frá ÍSS í sambandi við fjölmiðla. Ef þú færð erfiðar spurningar frá fjölmiðlum eða ert óviss um fjölmiðla/samfélagsmiðla hafðu samband við ÍSS sem getur aðstoðað með fjölmiðlaþjálfun.

Samfélagsmiðlar

ÍSS notar ýmsa miðla til að upplýsa, markaðssetja og byggja upp þekkingu í kringum landsliðið og íþróttina. Við hvetjum alla landsliðsskautara til þess að taka þátt í þessari vinnu með því að „líka við", deila og kommenta á samfélagsmiðlum okkar, íþróttarinnar og liðsfélaga í landsliðinu. Þetta byggir upp íslenska skautasamfélagið, eflir liðsanda, landsliðið og þína eigin ímynd.

ÍSS hvetur allt landsliðið til þess að deila eigin póstum frá iðkun sinni og verkefnum með landsliðinu á sínum miðlum s.s. heimasíðum, samfélagsmiðlum og/eða bloggi. Hugaðu vel að því hvernig þú kemur fyrir og hve mikil fyrirmynd þú ert. Við hvetjum til pósta með heilbrigða skynsemi og tillitssemi að leiðarljósi, sérstaklega þegar kemur að myndum og textum um aðra en þig.

Hugsaðu vel hvernig þú notar samfélagsmiðla. Umheimurinn skilur ekki endilega á milli þín sem einstaklings og þín sem fyrirmyndar í félagi þínu, landsliðinu og íslenska skautasamfélaginu hvort sem þú deilir einhverju um íþróttina eða þig persónulega. Þú, hvort sem þér líkar betur eða verr, ert ekki lengur bara einstaklingur. Við ráðleggjum þér að áður en þú birtir eitthvað að þú spyrjir þig sérstaklega eftirfarandi spurninga:

- Er hætta á að þessi póstur sé íþyngjandi eða geti misskilist?
- Myndi ég vilja sjá þann sem ég lít upp til pósta einhverju líkt þessu?
- Þarf ég virkilega að pósta þessu?

Með öðrum orðum - fyndist þér í lagi að íslenskir fjölmiðlar, mamma þín og yfirmaður/kennarinn þinn sæi þennan póst? Ef svarið er já - endilega póstaðu!

Í landsliðsverkefnum væntum við þess að þú notir myllumerki skautasambandsins #skatingiceland og taggir ÍSS @skatingicelandofficial þar sem því verður við komið svo ÍSS geti endurdeilt skemmtilegum póstum frá landsliðinu. Þú mátt einnig nota myllumerki styrktaraðila þinna með það að sjónarmiði að það skapi ekki hagsmunaárekstra við styrktaraðila ÍSS og stríði ekki gegn reglum um styrktaraðila.

Til þess að ÍSS geti fengið til sín styrktaraðila, sem gerir okkur kleift að reka landsliðsverkefni á háu stigi, þurfum við að geta boðið þeim áhugaverða samninga sem lúta að sýnileika vörumerkis þeirra í tengslum við landsliðsstarf ÍSS. Þær ljósmyndir sem ÍSS lætur taka á viðburðum landsliðs og á mótum gefa ÍSS rétt til að nota í auglýsingaskyni fyrir íþróttina og ÍSS.

Ferðir

Ferðadagar

Þegar ferðir á keppnir eru bókaðar skal hafa í huga að vera kominn á keppnisstað með nægilegum fyrirvara svo hægt sé að sækja æfingu eða þá fundi sem boðaðir eru fyrir keppni. Einnig þarf að athuga að heimför sé ekki bókuð fyrr en keppni í keppnisflokkinum þínum er lokið ef þú yrðir boðaður í lyfjapróf. Sé þér boðið að taka þátt í hátíðarsýningu þá skaltu vera undirbúinn undir það. Nánara fyrirkomulag er gert fyrir hverja og eina ferð.

Vegarbréf, vegabréfsáritanir og tryggingar

Iðkendur eiga alltaf að hafa í gildi íslenskt vegabréf eða vegabréf og „release letter/clearence certificate" með sér í ferðum landsliðs. Gildistími vegabréfsins verður að vera a.m.k. sex mánuðir eftir heimkomu. Vegabréfum þarf að framvísa við innskráningu á mót á öllum alþjóðlegum keppnum.

Sækja þarf um vegabréfsáritanir eins fljótt og auðið er. Hver og einn ber ábyrgð á að sækja um áritun fyrir sig hvort sem hann er skautari, þjálfari, starfsmaður á panel eða liðsstjóri. Athuga þarf að vegabréfsáritanir getur þurft í þeim löndum sem millilenda þarf í sem og á áfangastað. Kostnað vegna vegabréfsáritana berðu sjálfur.

Hafa þarf gilt Evrópskt sjúkratryggingakort með í ferðir innan Evrópu. Finna má upplýsingar um sjúkratryggingar á www.sjukra.is. Flestar heimilistryggingar innihalda ferðatryggingar. ÍSS mælir með að hver og einn kanni tryggingamál sín áður en lagt er upp í ferð.

Fyrir ferð þarf einnig að útvega sér öll önnur nauðsynleg gögn sem þarf vegna bólusetninga og/eða annarra vottorða um heilsufar.



Siðareglur

Sem fulltrúi Íslands og ÍSS, hvort sem þú ert; skautari, þjálfari, starfsmaður á panel, liðsstjóri eða stjórnarmaður ber þér að hafa að leiðarljósi siðareglur ÍSS, ÍSÍ og ISU Code of Ethics. Hafa skal í huga mikilvægi alþjóðlegs tengslanets ÍSS og temja sér hæversku og kurteisi í samskiptum. Á þetta við í öllum verkefnum ÍSS; keppnum, námskeiðum og/eða æfinga- og þjálfunarbúðum.

Skautari

Skautarar sem valdir eru til alþjóðlegra keppna, meistaramóta eða verkefna eru formlegir fulltrúar Íslands og ÍSS. Það er mikilvægt að þú leggir þitt af mörkum til góðs liðsanda og samvinnu á keppnum í íslenska liðinu. Athugaðu að sem fulltrúi Íslands og ÍSS skaltu vera faglegur í framkomu og sýna hæversku og kurteisi í samskiptum og styrkja og styðja við alþjóðlegt tengslanet ÍSS.

Kynntu þér vel þau hlutverk sem allir hafa í ferðum svo þú vitir hver ber ábyrgð á hverju.

Hafðu í huga.

- Þú ert ábyrgur fyrir keppnis- og æfingafatnaði þínum. Athugaðu að taka einnig með þér fínni klæðnað fyrir hátíðarkvöldverð.
- Þú ert ábyrgur fyrir að hafa aukaeintak af tónlistinni þinni í samræmi við kröfur mótshaldara.
- Landsliðsfatnað skal nota á ferðalaginu, í viðtölum, útdrætti, æfingum og í Kiss&Cry. Sjáðu til þess að vörumerki styrktaraðila sé sýnilegt og ekki hulið af t.d. treflum.
- Nauðsynjavörur s.s. aukareimar, sokkabuxur og persónulegar æfingavörur eins og nuddrúlla og sippuband.
- Vegabréf, vegabréfsáritanir, tryggingapappírar og TUE ef við á.

Ef eitthvað kemur upp á skaltu leita til liðsstjóra. Liðsstjóri þarf að geta náð í þig t.d. vegna lyfjaprófa, breytts tímaplans eða viðtala og því mikilvægt að vera í góðu sambandi við hann.

Beiðni um viðtöl og samband við fjölmiðla skulu fara fram í gegnum liðsstjóra.

Liðsstjórar/Team Leader

Í ferðum á vegum ÍSS eru alla jafna skipaðir liðsstjórar. Liðsstjóri er formlegur fulltrúi íslenska liðsins og ÍSS og er milligöngumaður milli landsliðsins og mótshaldara. Hann ýmist tekur á móti landsliðinu á brottfararstað, keppnisstað eða eftir nánari útlistun viðkomandi ferðar.

Hlutverk liðsstjóra getur verið breytilegt eftir eðli viðburða, stærð þeirra og stærðar landsliðs Íslands á viðburðinum. Liðsstjóri ber fulla ábyrgð gagnvart liðsmönnum landsliðsins. Hann hefur það hlutverk að styrkja og styðja meðlimi liðsins og leggja sitt af mörkum til að skapa góðan liðsanda.

Öryggi landsliðs ÍSS er afar mikilvægt. Hvers kyns ofbeldi er ekki liðið innan ÍSS. Liðsstjóri sem verður vitni að ofbeldi í verkefnum á vegum ÍSS ber að tilkynna slíkt til Samskiptaráðgjafa á www.samskiptaradgjafi.is.

Við undirbúning ferðar þarf liðsstjóri að sjá til þess að allir séu vel upplýstir. Hann þarf að vera vel inni í fyrirkomulagi ferðarinnar og þekkja vel reglur t.d. lyfjareglur WADA og kynna sér hvort þær eigi við skautara í landsliði. Liðsstjóri vinnur náið með þjálfurum að tímaplani og upplýsir skautara. Hann sér einnig um samskipti við fjölmiðla og lætur skautara vita af hugsanlegum viðtölum.

Komi upp ágreiningsmál hefur liðsstjóri lokaorðið.

Liðsstjóri á að:

- taka þátt í opinberum erindum, drætti, fundum, boðum o.þ.h.
- fylgja siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU Code of Ethics.
- vera meðvitaður um hvar meðlimir liðsins eru hverju sinni svo hægt sé að ná í þá t.d. vegna lyfjaprófa eða viðtala.
- koma fram fyrir hönd liðsins.
- vera viðstaddur æfingar og keppni eins og hægt er.
- fylgjast með undirbúningi verkefnisins og halda sér upplýstum um skipulag.
- hafa ljósrit af öllum gögnum liðsins s.s. vegabréfum, vegabréfsáritunum, vottorðum, undanþágum og hverjum þeim skjölum sem liðsmenn þurfa að hafa meðferðis.

Liðsstjóri skilar skýrslu til stjórnar ÍSS um ferðina innan við 14 dögum eftir heimkomu til info@iceskate.is.



Fylgdarmenn/Chaperones

Í ferðum með landsliðinu á mót á vegum ÍSS eru fylgdarmenn/chaperones velkomnir með keppendum í Advanced novice eingöngu. Fylgdarmenn eru skráðir af ÍSS en bóka sínar ferðir sjálfir og taka ekki þátt í skyldum landsliðsins. Óskum um fylgdarmenn skal beina til skrifstofu. Fylgdarmönnum er ekki leyfilegt að fara með keppendur af mótsstað eða í einkaerindum nema með samþykki og vitneskju liðsstjóra.

Fylgdarmenn skulu viðhafa kurteisi og hæversku í samskiptum í landsliðsferðum.

Þjálfarar í verkefnum á vegum ÍSS.

Þjálfarar eru valdir í verkefni á vegum ÍSS eftir reglugerð.

Valdir þjálfarar til alþjóðlegra keppna, meistaramóta eða verkefna eru formlegir fulltrúar Íslands og ÍSS og eru hluti af íslenska landsliðinu. Það er mikilvægt að þjálfarar leggi sitt af mörkum til að skapa góðan liðsanda og samvinnu á keppnum með íslenska liðinu.

Þjálfari ber ábyrgð á að:

- starfa með liðsstjóra að tímaplani á keppnisstað.
- sjá um æfingar, upphitun og keppnisundirbúning skautara.
- fylgja siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU Code of Ethics.
- þekkja reglur s.s. lyfjareglur WADA og hvort þær eigi við um skautarana þína.

Sem fulltrúi Íslands og ÍSS skal þjálfari vera faglegur í framkomu og sýna hæversku og kurteisi í samskiptum.

Starfsfólk á panel

Val á starfsfólki á panel í verkefni á vegum ÍSS fer fram eftir reglugerð. Valið starfsfólk á panel í verkefni á vegum ÍSS eða ISU eru formlegir fulltrúar Íslands og ÍSS. Fulltrúar Íslands og ÍSS skulu vera faglegir í framkomu og sýna hæversku og kurteisi í samskiptum og styrkja og styðja við alþjóðlegt tengslanet ÍSS. Hafa skal í huga að hafa meðferðis viðeigandi klæðnað fyrir verkefnið.

Mikilvægt er að:

- taka þátt í fundum, útdrætti, boðum o.þ.h.
- afla sér upplýsinga um allt sem viðkemur keppninni/verkefninu.
- vera viðstaddur æfingar ef að því verður við komið og ef það er skylda.
- taka þátt í umræðum og/eða nauðsynlegum fundum.
- temja þér stundvísi.
- fylgja siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU Code of Ethics.

Unnið af:
Skautasambandi Íslands
kt.560695-2339
Engjavegi 6
104 Reykjavík
+354 514 4074
info@iceskate.is